

**Athugun á efnasamsetningu jarðhitavatns í  
Eyjafirði – Staða verkefnis**

**Hrefna Kristmannsdóttir**

**Greinargerð HK-80-xx**

Athugun á efnasamsetningu jarðhitavatnsins í Eyjafirði - Staða verkefnis.

1 Jarðefnafræðilegt eftirlit með vinnslu.

Greiningu sýna af dælingarvatni, sem tekin voru úr holum TN-2, LJ-5 og 7 og LN-12 í apríl s.l. er lokið. Hjálagt fylgir tafla með niðurstöðum greininganna.

Miðað við fyrri sýni af rennandi vatni af svæðinu og djúpsýni tekin áður en niðurdráttur varð er ekki um marktækar breytingar að ræða. Engin merki fundust um "fúlt", hvarfað vatn eins og var í djúpsýnum, sem tekin voru á vinnslusvæðunum í fyrra. Áætlað er að taka aftur sýni úr öllum vinnsluholum H.A. í október.

2 Almenn rannsókn (Jarðhitaleit og djúprannsókn)

Þegar síðasta greinargerð var send í júní var eftir að greina bór í nokkrum sýnanna, sem safnað var úr lindum og borholum haustið 1979 og ísotopagreiningar voru að hefjast.

Lokið er nú við að efnagreina bór í öllum sýnum. Einnig hafa verið greindir súrefnisísotopar í sýnum frá öllum lindum og borholum í Eyjafirði. Ekki er enn lokið vetnisísotopagreiningum, þar sem lítið var greint á rannsóknarstofu Raunvísindastofnunar yfir sumartímann. Vegna sumarleyfis og feltvinnu hefur úrvinnsla einnig legið niðri að mestu í sumar.

Efnainnihald í vatnssýnum úr vinnsluholum Hitaveitu Akureyrar.

Sýni	LJ - 5 800040	LN - 12 800039	LJ - 7 800041	TN - 2 800042
°C	93	96	94	74,5
pH/°C	9,58/21	9,60/19	9,63/18,5	9,7/19,5
Ωm/°C	45,4/22	45,4/22	45,4/22	44,4/22
SiO <sub>2</sub>	101,8	101,9	100,4	82,8
B	0,12	0,14	0,13	0,16
Na	54,8	55,3	55,0	54,8
K	1,47	1,54	1,38	0,99
Ca	2,73	2,96	3,15	3,59
Mg	0,00	0,00	0,02	0,00
CO <sub>2</sub>	17,5	17,5	19,3	18,5
SO <sub>4</sub>	38,0	38,2	37,1	38,4
H <sub>2</sub> S	0,07	0,03	0,07	0,08
Cl	11,1	10,8	11,7	10,4
F	0,35	0,38	0,36	0,44
Uppl. efni	248	256	249	235